



Borgarráð

Malbikunarframkvæmdir 2025.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna malbikunar á árinu 2025.

Malbikun yfirlaga er áætluð 1.000 m.kr. og hefðbundnar malbiksviðgerðir eru áætlaðar 200 m.kr.

Heildarupphæð malbikunarframkvæmda á árinu 2025 er því áætluð 1.200 m.kr. Að auki verður endurnýjað malbik á götum og götuköflum þar sem framkvæmdir eru við endurnýjun gatna.

Greinargerð:

Gerð er grein fyrir stöðu og áætlaðri viðhaldsþörf gatna í Reykjavík í meðfylgjandi minnisblaði Eflu verkfræðistofu. Þar kemur fram að á næstu 10 árum er fjárþörf til endurnýjunar slitlaga í Reykjavík á bilinu 700-1.700 milljónir króna á ári, sem jafngildir um 15-36 km af gatnakerfinu. Miðað við reynslu af endingu slitlaga er áætlað að endurnýja þurfi árlega slitlög á um 6 % af götum borgarinnar til að halda gatnakerfinu á ásættanlegu ástandi. Á árinu 2025 er áætlað að endurnýja slitlög á 21 km gatna sem er um 5 % af heildarumfangi gatna í Reykjavík.

Eftirtaldar götur og/eða götukaflar eru í forgangi 2025:

Akurgerði (Sogavegur - Breiðagerði)
Austurbrún
Álfabakki NS
Álmgerði (Stóragerði - Furugerði)
Ásvallagata
Bakkastaðir nr. 1-75 (Bakkastaðir aðalgata - inn í enda)
Barmahlíð
Barónstígur
Bergstaðastræti
Berjarími (Berjarími nr. 65 - inn í enda)
Bjargarstígur
Borgartún - Hringtorg v/Sóltún
Borgavegur - Smárarimatorg
Borgavegur (Langirími - Víkurvegur)
Borgavegur (Sóleyjarrími - Spöng)
Borgavegur/Móavegur, Tengivegur
Brávallagata nr. 40-50
Breiðagerði (Mosgerði - Sogavegur)
Breiðhöfði (Straumur - Bíldshöfði)
Bústaðavegur (Grensásvegur - Réttarholtsvegur)
Bæjarháls (Rofabær - Höfðabakki) st. 15 -248
Dvergshöfði (Höfðabakki - Höfðabakki nr. 3)
Fannafold nr. 134-156



Reykjavíkurborg

Fannafold nr. 158-170
Fannafold nr. 225-251
Félagstún, að Höfða
Fjallkonuvegur (Funafold - Logafold)
Fjallkonuvegur (Logafold - Gagnvegur)
Fríkirkjuvegur (Lækjargata - Fríkirkja)
Frostafold nr. 1-25
Frostafold nr. 40-62 og 165-187
Furugerði (Álmgærði - Furugerði nr. 7)
Gamla hringbraut (Vatnsmýrarvegur - Laufásvegur)
Gólfskálavegur
Grænlandsleið
Gvendargeisli
Helgugrund nr. 1-10
Hellusund
Hesthúsavegur (Víðidalur)
Hofsgrund
Hólastekkur (Hamrastekkur -)
Hverfisgata (Frakkastígur - Vitastígur)
Hverfisgata (Ingólfsstræti - Smiðjustígur)
Hverfisgata (Vatnssstígur - Frakkastígur)
Hverfisgata (Klapparstígur - Vatnssstígur)
Jaðarsel (Kögursel - Klyfjasel)
Jaðarsel (Kambasel - Útvarpsstöðvarvegur)
Jörfagrund nr. 1-14
Klukkanrimi (Langirimi - inn í enda)
Korpúlfsstaðavegur (Víkurvegur - Garðastaðir)
Kringlan hringur (Rampur að Miklabraut - suður að hraðahindrun)
Langagerði nr. 30-46
Langagerði nr. 94-112
Laugarnesvegur (Kirkjusandur - Kleppsvegur)
Laugateigur (Gullteigur - Reykjavegur)
Lindarvað (Bugða - inn í enda)
Ljárskógar nr. 10-16
Ljárskógar nr. 1-7
Ljárskógar nr. 2-8
Ljárskógar nr. 9-15
Logafold nr. 116-122
Logafold nr. 55-75
Mosavegur (Skólavegur - að þrengingu)
Móavegur (Vættarborgir - inn í enda)
Nauthólsvegur (Nauthólsvík - inn í botn)
Norðlingabraut (Árvað - Helluvað) st. 3 - 690
Norðurfell (Vesturberg - Eddufell)
Ofanleiti (Efstaleiti - Neðstaleiti)
Rafstöðvarvegur (rampi frá Vesturlandsvegi - Rafstöðvarvegur nr.1)
Rauðalækur (Bugðulækur - Dalbraut) st. 245 - 558
Reykjavegur - hringtorg við Engjaveg / Sigtún
Reykjavegur (Sundlaugavegur - Kirkjuteigur)
Reykjavegur við Laugardalsvöll
Rofabær / Selásbraut (Fylkisvegur - Hraunsás)
Skeiðarvogur au. (Mörkin - Suðurlandsbraut)
Skildingatangi (Skildinganes - inn í botn)
Skólabrú



Reykjavíkurborg

Skólalabú, (Lækjargata - Kirkjutorg) st. 16 - 46
Sogavegur (Sogavegur nr. 164 - Tunguvegur)
Sogavegur (Tunguvegur - Sogavegur nr. 224))
Spöngin (hringtorg við Mosaveg)
Stangarholt nr. 3-9
Steinagerði (Breiðagerði - inn í enda)
Stekkjarkakki til Breiðholtsbrautar ve. (Arnarkakki - Breiðholtsbraut)
Stóragerði (Brekkugerði - Álmgerði)
Strýtusel nr. 10-22
Strýtusel nr. 1-7
Strýtusel nr. 2-8
Strýtusel nr. 9-15
Suðurgata au. (Brynjólfsgata - Hringbraut)
Suðurgata au. (Hjarðarhagi - Brynjólfsgata)
Suðurlandsbraut no. (Reykjavegur - Kringlumýrarbraut)
Suðurlandsbraut su. (Kringlumýrarbraut - Hallarmúli)
Sæbraut (gatnamótasvæðið við Faxagötu og akrein til vesturs að Hörpu)
Sævarhöfði, rampi frá Gullinbrú
Teigagerði (Breiðagerði - inn í enda)
Túngata
Urðarbrunnur (Skyggisbraut - Úlfarsbraut)
Vesturgata
Vesturhólar (Haukshólar - Norðurhólar)
Viðarrimi nr. 29-65
Vonarstræti (Lækjargata - Tjarnargata),
Þönglabakki (Stekkjarkakki - bílakjallara)

Kostnaðarstaður: 3108

Kostnaðaráætlun vegna yfirlaga: 1.000 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Kynning
- Minnisblað Eflu dags. 07.02.2025.



Malbikunarframkvæmdir 2025

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



Lýsing á framkvæmd

Malbikunarframkvæmdir ársins skiptast í eftirfarandi verkhluta:

- Malbiksviðgerðir með ótilgreint magn
- Endurnýjun með fræsun og malbikun ásamt yfirlögnum:
 - Útboð 1 73.000 m²
 - Útboð 2 76.000 m²
- Áætlaðar heildarmagnstölur eru því um 149.000 m²





Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdirnar er um 1.200 mkr. sem skiptast þannig:

- Malbiksviðgerðir 200 mkr.
- Malbiksslitlög 1.000 mkr.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir við fræsun og yfirlagnir í maí og áætlað að þeim ljúki í september 2025.

Malbiksviðgerðir eru unnar allt árið og samhliða fræsun og yfirlögnum.





Viðhaldspörf og virði gatna í Reykjavík

Samanlögð fjárförf til endurnýjunar slitlaga næstu fimm ára, 2025-2029, er að meðaltali **1.100 millj.kr.** á ári. Til samanburðar má nefna að áætlun síðasta árs (minnisblað frá 14.02.2024) var fjárförf fyrir fimm ára tímabilið 2024- 2028 einnig 1.100 millj.kr. á ári.


Samanlögð fjárförf til næstu 10 ára er að meðaltali **1.300 millj.kr.** á ári, sem er sú sama og áætlun síðasta ár.


Miðað við verðlag ársins 2024 (niðurstöður útboða) er þörf fyrir endurnýjun slitlaga næstu 5 árin að meðaltali um 22 km á ári, sem er um 5% af heildar gatnakerfi borgarinnar, en til næstu 10 ára um 26 km á ári, sem er um 6% af gatnakerfi borgarinnar.

Þess má geta að gert er ráð fyrir að endurnýjun gatna fyrir árið 2025 verði að umfangi sem nemur allt að 1.000 millj.kr. sem svarar til rúmlega 21 km af gatnakerfinu, eða um 5%. Þrátt fyrir að ástand gatnakerfis borgarinnar sé í ásættanlegu ástandi í dag, er samt sem áður ráðlagt að viðhalda gatnakerfinu með endurnýjun slitlaga að meðaltali um 6% á ári, eða um 24-28 km svo ekki verði uppsafnaður viðhaldsvandi í gatnakerfinu.



Endurnýjun slitlaga á ári í kílómetrum gatna







Reykjavík

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

3336-093-MIN-001-V01

DAGS.

07.02.2025

SENDANDI

EFLA / ERS

MÁLEFNI

Viðhaldspörf og virði gatna í Reykjavík, staðan í janúar 2025

VERKHEITI

Rosy- þjónusta og viðhaldspörf gatna í Reykjavík

VERKKAUPI

Reykjavíkurborg

DREIFING

Reykjavíkurborg

SAMANTEKT

- Á árunum 2020-2023 var Reykjavíkurborg að endurnýja árlega um 20-27 km af slitlagi borgarinnar, sem er á milli 5-6% af heildarumfangi gatnakerfisins. Á liðnu sumri var hins vegar endurnýjað um 15 km af slitlagi borgarinnar, eða 3,5% af heildarumfangi gatnakerfisins. Þessu til viðbótar hefur einnig verið unnið að smærri viðgerðum sem auka endingu gatna um nokkur ár.
- Ástand gatnakerfis Reykjavíkurborgar hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarin ár og hefur hlutfall gatna í góðu ástandi (meira en 5 ár eftir af líftíma) haldist sambærilegt, eða um 58-66% af gatnakerfinu. Hlutfall gatna í slæmu ástandi, þar sem líftími þess er liðinn, hefur farið hægt batnandi síðastliðin ár, úr 15% í 6% nú í janúar, sem er sögulegt lágmark. Hins vegar á tæplega þriðjungur gatnakerfisins um 1-5 ár eftir af líftíma sínum.
- Áætluð þörf til endurnýjunar slitlaga hefur einnig haldist sambærileg nú í nokkur ár, eða á milli 22-30 km á ári, sem er um 5-7% af heildar gatnakerfi Reykjavíkurborgar.
- Mætti því segja að ástand gatnakerfis Reykjavíkurborgar sé í ásættanlegu ástandi og er því ráðlagt að viðhalda gatnakerfinu með endurnýjun slitlaga að meðaltali um 6% af götum borgarinnar á ári, eða um 24-28 km.
- Þess má geta að gert er ráð fyrir að endurnýjun gatna fyrir árið 2025 verði að umfangi sem nemur allt að 1.000 millj.kr. sem svarar til tæplega 21 km af gatnakerfinu, eða 5%.

Inngangur

Viðhaldspörf gatna hefur verið metin á sama hátt ár eftir ár og haldið utan um ástandsmat og skráningu viðhalds í gatnaviðhaldskerfinu RoSy. Í þessu minnisblaði eru teknar saman niðurstöður um viðhaldspörf og ástandsmat eins og það er metið í janúar 2025, eftir framkvæmdir sumarsins 2024 og ástandsskoðun gatnakerfisins haustið 2024.

Umfang gatnakerfis Reykjavíkurborgar

Gatnakerfi Reykjavíkurborgar hefur vaxið síðustu áratugi, ný hverfi hafa byggst upp og önnur hafa tekið breytingum. Þegar verið er að skoða tölur um endurnýjun slitlags og endurnýjunarpörf þarf að hafa það til hliðsjónar. Í umfjöllun hér á eftir eru áætlanir um gerð nýrra gatna og malbikun þeirra ekki teknar með í tölum um endurnýjun.

Í dag er umfang gatnakerfisins skráð í RoSy gatnaviðhaldskerfið rétt tæplega 436 km, sem skiptist í fjóra götuflokka eftir umferðarmagni og umferðarpunga, sjá töflu 1. Umfang gatnakerfisins sem er skráð í RoSy er ekki nákvæmlega það sama og lengd gatnakerfisins samkvæmt miðlínugrind Reykjavíkurborgar. Ýmsar ástæður geta legið á bak við það eins og t.d. í RoSy eru umferðarpungar götur, eins og t.d. Höfðabakki, með tvöfalt kerfi (þ.e. tvöfalda skráningu fyrir akreinar í sitt hvora akstursstefnu) til að auðvelda ástandsskoðun og ut anumhald.

Skilavegir, sem lögum samkvæmt færðust frá ábyrgð Vegagerðarinnar til Reykjavíkurborgar um áramótin 2021-2022, hafa hingað til ekki verið með í þessari samantekt. Hins vegar eru þeir götukaflar nú í ábyrgð Reykjavíkurborgar og verða nú sýnilegir í samantektinni. Um er að ræða eftirfarandi götur: Kalkofnsvegur, Geirsgata, Gullinbrú, Höfðabakki og Stekkjarbakki.

TAFLA 1 Flokkun gatnakerfis eftir líftíma


GÖTUFLOKKUR	SKÝRING	UMFANG [KM]	HLUTFALL
1 ¹	Stofnvegur : Umferð >15.000 per akrein	14	
2	Tengigata : Umferð 5.000-15.000 per akrein og/eða strætó	76	17%
3	Safngata : Umferð 1.000-5.000 per akrein og/eða strætó	147	34%
4	Húsagata/Safngata : Umferð 500-1.000 per akrein	84	19%
5	Húsagata : Umferð <500 per akrein	130	30%
Samtals		437	100%

Endurnýjun slitlaga

Umfang framkvæmda við endurnýjun slitlaga frá árinu 2004 til 2024 má sjá á mynd 1. Um er að ræða endurnýjun slitlaga mælt í km gatna á ári. Til viðbótar við endurnýjun slitlaga hefur einnig verið unnið við lagfæringar á skemmdum á slitlögum sem ekki er inni í þessum tölum.

Á mynd 1 má einnig sjá áætlun um umfang á endurnýjun slitlaga fyrir árið 2025, m.v. áætlaða fjárveitingu ársins frá Reykjavíkurborg sem verði allt að 1.000 millj.kr.

¹ Götuflokkur 1 var í upphafi skilgreindur sem *Stofnvegir í eigu Vegagerðarinnar* og er það að hluta til enn. Hins vegar voru nokkrir stofnvegir sem færðust frá ábyrgð Vegagerðarinnar til Reykjavíkurborgar áramótin 2021-2022 en þeir eru: Kalkofnsvegur, Geirsgata, Gullinbrú, Höfðabakki og Stekkjarbakki.



MYND 1 Endurnýjun slitlaga í km á ári og hlutfall af lengd borgargatna.

Á liðnu sumri 2024 var endurnýjun slitlaga á götum borgarinnar 3,5% af heildarumfangi gatna sem er heldur minna hlutfall en árin fimm á undan þegar það var á bilinu 4,5-6,1%. Á árunum 2017-2019 var hlutfallið hins vegar á bilinu 7,1-9,4%.

Til samanburðar má nefna að á fimm ára tímabilinu 2004-2008 var endurnýjað slitlag á tæplega 5% að meðaltali af gatnakerfinu á hverju ári en lækkaði töluvert á árunum 2009-2014 þegar hlutfallið var aðeins tæplega 3% á ári. Árin 2015 og 2016 jókst fjárfesting í gatnaviðhaldi aðeins frá fyrri árum þegar það var endurnýjað um 4% á ári og svo enn meira á árunum 2017-2019 eins og fyrr segir. Á fimm ára tímabilinu 2015-2019 var árlega endurnýjað að meðaltali um 6,5% af heildarumfangi gatna borgarinnar.

Miðað við reynslu af endingu slitlaga gatna hefur verið áætlað að nauðsynlegt sé að endurnýja slitlag á um allt að **6%** af götum borgarinnar á ári til þess að halda gatnakerfinu í ásættanlegu ástandi. Miðast sú tala við að ástand gatnakerfisins sé í jafnvægi. 6% af götum borgarinnar er um **26 km** miðað við umfang gatnakerfisins í janúar 2025.

Gert er ráð fyrir að fjárveiting til endurnýjunar slitlaga í ár (2025) verði meiri en í fyrra, en sambærileg og árið þar á undan. Miðað er við að fjárveitingin í ár sé allt að 1.000 milljónum króna, en var 800 millj.kr. í fyrra og milli 900-1.200 millj.kr. árin 2021-2023. Miðað við verðlag ársins 2024 (niðurstöður útboða) verður hægt að endurnýja slitlög á rúmlega **21 km** gatna í sumar sem er um **5%** af heildarumfangi slitlaga borgarinnar.

Ástand gatnakerfis í Reykjavík

Í RoSy gatnaviðhaldskerfinu eru skilgreind mörk þess hvenær líftími gatna sé liðinn, en það er þegar gata telst vera orðin það mikið skemmd að hún er undir skilgreindum lágmarksgæðum. Ástand gatnakerfis Reykjavíkurborgar hefur verið flokkað niður í fjóra flokka eftir líftíma gatna síðastliðin ár, sem má sjá í töflu 2.

TAFLA 2 Flokkun gatnakerfis eftir líftíma


FLOKKUR	ÁSTAND	LÍFTÍMI	ÁR
A	Götur í mjög góðu ástandi	Meira en 5 ár eftir af líftíma	2030 >
B	Götur í sæmilegu ástandi	1-5 ár eftir af líftíma	2026-2029
C	Götur í slæmu ástandi	Líftíma náð	2020-2025
D	Götur í mjög slæmu ástandi	Líftíma náð fyrir meira en 5 árum	< 2019

Sjá má ástand gatnakerfis í Reykjavík á mynd 2 hér að neðan í janúar 2025 eftir framkvæmdir sumarsins 2024 og ástandsskoðun gatna haustið 2024.

66,2% af gatnakerfinu er í mjög góðu ástandi, þ.e. í flokki **A** þar sem meira en 5 ár er eftir af líftíma slitlaga.

Tæplega þriðjungur gatna (**27,4%**) er í sæmilegu ástandi og eiga um 1-5 ár eftir af líftíma sínum, götur í flokki **B**.

Hlutfall gatna sem hefur náð líftíma sínum er **6,4%** af gatnakerfinu, en það eru götur í neðstu tveimur flokkunum (flokkar **C** og **D**, líftími < 2025). Er það rétt rúmlega **26 km** af gatnakerfi Reykjavíkurborgar.



MYND 2 Ástand gatnakerfis í Reykjavík í janúar 2025

Fylgst hefur verið með ástandi gatnakerfis Reykjavíkurborgar á þennan hátt í nokkur ár og á sambærilegum tíma, þ.e. eftir framkvæmdir sumarsins og ástandsskoðun gatna. Sjá má þær niðurstöður á næstu myndum.



MYND 3 Ástand gatnakerfis í Reykjavík 2019-2024.

Hlutfall gatna í góðu ástandi (flokkur **A**), þ.e. með meira en 5 ár eftir af líftíma hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarin ár, eða frá 58-66%. Hlutfallið fór hækkandi á tímabilinu 2019-2022, þegar það var á bilinu 58-65%. Hlutfallið lækkaði svo árið 2023 niður í 56% en fór svo aftur hækkandi í fyrra, upp í 66% og er hlutfallið það sama í ár.

Hlutfall gatna í sæmilegu ástandi (flokkur **B**), þ.e. 1-5 ár eftir af líftíma hefur einnig verið sambærilegt undanfarin ár. Hlutfallið hefur verið í kringum 24-27%, fyrir utan árið 2023 þegar það var aðeins hærra, eða 33%.

Hlutfall gatna í slæmu ástandi (flokkar **C** og **D**) þar sem líftími þess er liðinn hefur farið hægt batnandi síðastliðin ár, úr 14% niður í 6% í ár. Hlutfallið hefur ekki verið svona lágt undanfarinn áratug.

Niðurstöðurnar sýna að heildarástand gatnakerfis Reykjavíkurborgar er orðið nokkuð stöðugt. Vekja skal þó athygli á því að hlutfall gatna í slæmu ástandi er nú í sögulegu lágmarki. Hins vegar er vert að nefna að tæplega þriðjungur gatnakerfisins (27,4%) er í sæmulegu ástandi og á um 1-5 ár eftir af líftíma sínum, sem samsvarar rétt rúmlega 112 km af gatnakerfi borgarinnar. Ef horft er til næstu fimm ára, þyrfti því að viðhalda tæplega 28 km af götum á ári sem eiga 5 ár eða minna eftir af líftíma sínum (flokkur **B**, **C** og **D**). Þá má bæta við að líftíma gatna má lengja með því að gera við staðbundnar skemmdir, sérstaklega með viðgerðum á skemmdum strax þegar þær koma, áður en þær valda meiri skemmdum á undirbyggingu götu og auka umfang skemmdanna.

Áætluð fjárpörf til endurnýjunar slitlaga

Á síðastliðnum fimm árum, 2020-2024 hefur um 800-1.200 millj.kr. verið varið í endurnýjun slitlaga í Reykjavík. Árin þrjú þar á undan, 2017-2019 var um 1.100-1.700 millj.kr. varið í endurnýjun slitlaga. Árið 2017 jókst fjárveitingin verulega frá árunum á undan (2015-2016) þegar um 600-700 millj.kr. var varið í endurnýjun slitlaga. Í ár miðar áætlun Reykjavíkurborgar við sambærilega upphæð og síðastliðin fimm ár, eða um 1.000 millj.kr.


Reglulega er metin þörf fyrir endurnýjun slitlaga og gerð spá fyrir næstu 10 ár með RoSy viðhaldskerfinu. Gerð var áætlun núna í janúar 2025 um fjárpörf til næstu ára sem sjá má í töflu 3. Vekja skal athygli á að hér er um að ræða spá viðhaldskerfisins um fjárpörf en ekki áætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025.

TAFLA 3 Áætluð fjárpörf til endurnýjunar slitlaga árin 2025-2034 í milljónum króna. Áætlun gerð í janúar 2025 (verðlag 2024).

ÁR	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034
	[millj.kr.]	[millj.kr.]	[millj.kr.]	[millj.kr.]	[millj.kr.]	[millj.kr.]	[millj.kr.]	[millj.kr.]	[millj.kr.]	[millj.kr.]
Slitlög	900	700	1.100	1.400	1.700	1.700	1.800	1.600	1.300	1.200

Á næstu 10 árum er fjárpörf til endurnýjunar slitlaga í Reykjavík á bilinu 700-1.700 milljónir króna á ári, sem jafngildir um 15-36 km af gatnakerfinu ef miðað er við verðlag ársins 2024.

Fjárpörfin endurspeglar ástand gatnakerfisins, þar sem hlutfall gatna sem hafa náð líftíma sínum fór minnkandi í ár o.þ.l. er ekki þörf á háum fjárhæðum á næstu tveimur árum. Hins vegar er þriðjung gatnakerfisins sem þarfnast endurnýjunar eftir 1-5 ár og eykst fjárpörfin því jafnt og þétt næstu árin en fer síðan lækkandi aftur í lok tímabilsins þar til hún nær grunnfjárpörf kerfisins (mynd 4).



MYND 4 Áætluð fjárpörf til endurnýjunar slitlaga. Áætlun gerð í janúar 2025.

Þegar horft er á áætlanir um viðhaldspörf gatna er nauðsynlegt að horfa til lengri tíma en til eins eða tveggja ára. Ástandið á gatnakerfinu er breytilegt og niðurbrot slitlaga breytilegt eftir ytri aðstæðum eins og veðurfari og þá sérstaklega m.t.t. snjós, klaka og frosts. Horfa ætti til lengri tíma (5-10 ár) og miða fjárhagsáætlanir við meðaltal þeirra ára.

Í töflu 4 er búið að taka saman áætlun fyrir tvö 5 ára tímabil og einnig fyrir 10 ára tímabil og kemur þar fram meðaltal hvers árs innan tímabilsins sem æskilegt er að miða við í fjárhagsáætlunum til næstu ára.

TAFLA 4 Samanlögð þörf til endurnýjunar slitlaga. Meðaltal á ári, innan tímabils.

TÍMABIL	5 ÁR	5 ÁR	10 ÁR
ÁR	2025-2029	2030-2034	2025-2034
millj.kr/ár	1.100	1.500	1.300
km / ár	22 (4,9%)	30 (6,9%)	26 (5,9%)

Samanlögð fjárförf til endurnýjunar slitlaga næstu fimm ára, 2025-2029, er að meðaltali **1.100 millj.kr.** á ári. Til samanburðar má nefna að áætlun síðasta árs (minnisblað frá 14.02.2024) var fjárförf fyrir fimm ára tímabilið 2024-2028 einnig 1.100 millj.kr. á ári.

Samanlögð fjárförf til næstu 10 ára er að meðaltali **1.300 millj.kr.** á ári, sem er sú sama og áætlun síðasta ár.

Miðað við verðlag ársins 2024 (niðurstöður útboða) er þörf fyrir endurnýjun slitlaga næstu 5 árin að meðaltali um 22 km á ári, sem er um 5% af heildar gatnakerfi borgarinnar, en til næstu 10 ára um 26 km á ári, sem er um 6% af gatnakerfi borgarinnar.

Þess má geta að gert er ráð fyrir að endurnýjun gatna fyrir árið 2025 verði að umfangi sem nemur allt að 1.000 millj.kr. sem svarar til rúmlega 21 km af gatnakerfinu, eða um 5%. Þrátt fyrir að ástand gatnakerfis borgarinnar sé í ásættanlegu ástandi í dag, er samt sem áður ráðlagt að viðhalda gatnakerfinu með endurnýjun slitlaga að meðaltali um 6% á ári, eða um 24-28 km svo ekki verði uppsafnaður viðhaldsvandi í gatnakerfinu.